

# Fundargerð 33. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2018, mánudaginn 24. september kl. 11:45 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Gunnar Þorgeirsson, Árni Eiríksson, Dagbjört Jónsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Nanna Jónsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök orkusveitarfélaga - skýrsla formanns - 1710002SO

Formaður fer yfir það helsta frá síðasta stjórnarfundi.

Málþing samtakanna um vindorkunýtingu, sem haldið var í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga á Grand hóteli í júníbyrjun sl., fór vel fram. Í framhaldi af því bauð Baldur Dýrfjörð, hjá Samorku, formanni til fundar um málefni samtakanna og skipan nýs starfshóps vegna skattlagningar raforkumannvirkja. Hitti formaðurinn Baldur að máli í síðustu viku og er vongóður um að starfshópur verði bráðlega skipaður.

### 2. Aðalfundur 2018 - 1809001SO

Undirbúningur vegna aðalfundar samtakanna. Lagt er til að aðalfundur fari fram á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 10. október nk. kl. 14:00, sem er daginn fyrir fjármálaráðstefnu.

*Samþykkt að boða aðalfund 10. október eins og að var stefnt. Hins vegar var lagt til að færa fundinn fram til kl. 15:00, til að greiða fyrir mætingu hjá þeim stjórnarmönnum sem eru uppteknir fram að hádegi þennan dag og var það samþykkt.*

*Einnig samþykkt að bjóða Guðrúnu Pétursdóttur, formanni verkefnastjórnar rammaáætlunar og Baldri Dýrfjörð hjá Samorku að ávarpa aðalfundinn.*

*Þá var formanni og starfsmanni falið að boða til aðalfundar innan tilskilinna tímamarka og ganga frá þeim gögnum sem leggja skal fyrir fundinn. Aðalfundargögn verða áður send stjórnarmönnum.*

*Formaður hvatti svo stjórnarmenn til að hafa samband við sig varðandi frekari stjórnarsetu. Nú þegar er ljóst, að tveir stjórnarmenn gefa ekki kost á sér eða Gunnar Þorgeirsson og Kristín María Birgisdóttir, þar sem þau hafi ákveðið að hverfa til*

annarra starfa.

### 3. Samtök orkusveitarfélaga - önnur mál - 1803002SO

Formaður færði þeim stjórnarmönnum, sem hætta í stjórn samtakanna, þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins.

Önnur mál voru ekki borin upp.

Fundi slitið kl. 12:10

Fundi var slitið kl. 12:15

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Gunnar Þorgeirsson

---

Árni Eiríksson

---

Dagbjört Jónsdóttir

---

Kristín María Birgisdóttir

---

Nanna Jónsdóttir

---

Þorsteinn Gunnarsson